

Sp. **787. Tillaga til þingsályktunar** **[283. mál]**
um nefnd til að semja frumvarp til laga um réttindi og skyldur stjórn málaflokka.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna millipinganevnd til að undirbúa frumvarp til laga um réttindi og skyldur stjórn málaflokka. Nefndin skal hraða störfum. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á undanförnum missirum hafa farið fram nokkrar umræður um réttindi og skyldur stjórn málaflokka, starfsemi þeirra og fjárreiður.

Fram hafa komið frumvarp og þingsályktunartillögur á Alþingi þar að lútandi, og er það álit nefndarinnar, að rétt sé og tímabært að kosin verði nefnd fulltrúa þingflokka, sem undirbúi löggjöf um réttindi og skyldur stjórn málaflokka. Nefndin skal hraða störfum og leitast við að leggja fram frumvarp á næsta þingi.